

Erindisbréf

Verkefnastjórn um uppbyggingu Hjúkrunarheimilis við Hádegisskarð, Hafnarfirði.

Á fundi sínum þann 21.02.2013 samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð samþykkir að hefja að nýju undirbúning að hönnun, byggingu og rekstri nýs hjúkrunarheimilis við Hádegisskarð. Þetta verði gert á grundvelli fyrirbyggjandi tímaáætlunar og greinargerðar starfshóps sem skipaður var að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann x.x.2012. Skipuð verði sérstök verkefnastjórn sem fylgi verkefninu eftir.“

Hlutverk:

Meginverkefni verkefnastjórnar er að hafa umsjón með útboði á byggingu og lóðarfrágangi og undirbúningi rekstrar hjúkrunarheimilis að Hádegisskarði, Hafnarfirði. Skal nefndin fylgja verkinu eftir allt til þess að bygging og lóð séu fullkláruð og rekstur hjúkrunarheimilisins hefst.

Auk tímaáætlunar og greinargerðar ofangreinds starfshóps skal nefndin horfa til samnings um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Hafnarfjarðarkaupstað sem undirritaður var 3. maí 2010.

Verkefnastjórn starfar í umboði bæjarráðs.

Skipulag:

Nefndin skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti, greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Nefndin skal skrá í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir verkefnastjórnar skal senda bæjarráði til staðfestingar. Jafnframt skulu fundargerðir sendar Umhverfis-og framkvæmdarráði og Fjölskylduráði til kynningar.

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Bæjarráð hefur skipað eftirtalda aðila í verkefnastjórnina:

Aðalmenn:

Gunnar Axel Axelsson, fulltrúi bæjarráðs, formaður

Margrét Gauja Magnúsdóttir, fulltrúi bæjarráðs

Sigurbergur Árnason, fulltrúi bæjarráðs

Geir Jónsson, fulltrúi bæjarráðs

Helga Ingólfssdóttir, fulltrúi bæjarráðs

Kristján Björnsson, fulltrúi Félags eldri borgara

Gylfi Ingvarsson, fulltrúi Öldungaráðs

Varamenn:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Guðný Stefánsdóttir

Birna Ólafsdóttir

Kristinn Andersen
Rósa Guðbjarsdóttir
Unnur Birna Magnúsdóttir, Öldungaráð
Varafulltrúa Félags eldri borgara vantar

Starfsmenn verkefnastjórnar:

Með nefndinni skulu starfa Verkefnisstjóri auk starfsmanna frá Umhverfi- og framkvæmdum og Fjölskylduþjónustu.

Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði 7. mars 2013.